

Leiðarvísir

Platinum 770



VSM Group AB • Huskvarna, Sweden fyrir Ísland
www.husqvarnaviking.com

412 73 38-26B • InfoHouse • © 2003-2004 VSM Group AB • Allur réttur áskilin • Prentað í Svíþjóð á umhverfisvænum pappir.

ÁRÍÐANDI ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þegar verið er að nota rafmagnstæki, ætti ávallt að gæta almennra öryggisráðstafana eins og t.d. þessara hér á eftir:

Lesið allan leiðarvísinn áður en byrjað er að nota þessa saumavél..

HÆTTA

- Til að minnka hættu frá rafmagni:

- Saumavélina á aldrei að skilja eftir þannig að hún sé tengd við rafmagn. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn strax að notkun lokinni og einnig þegar verið er að þrifa hana.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, og peran má ekki hafa meiri styrk en 5 wött.

AÐVÖRUN

- Til að minnka hættu á bruna, eldi, rafmagni eða meiðslum:

- Notið vélina aldrei sem leikfang. Ef vélin er notuð af börnum eða nálægt börnum, þá verður ávallt að fylgjast vel með.
- Notið vélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í þessum leiðarvísi, og notið eingöngu fylgihluti og aukahluti, sem mælt er með af framleiðanda og lýst er í leiðarvísinum.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslur eða klæmar eru skemmdar, vélin vinnur ekki eins og hún á að gera, vélin hefur dottið, skemmst eða orðið fyrir vatnstjóni. Komið vélinni þá sem allra fyrst til næsta viðurkennda verkstæðis.
- Gætið þess að engir smáhlutir fari inn um op eða raufar á vélinni og gætið þess að ekki safnist fyrir ló eða önnur óhreinindi í loftraufum vélarinnar eða mótstöðunnar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið ávallt rétta stingplötu. Röng stingplata getur skemmt vélina.
- Notið ekki bognar nálar.
- Togið ekki í efnið þegar vélin er að sauma - látið vélina um flutning efnisins.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar verið er að breyta einhverju í kring um nálarsvæðið, skipta um nál, skipta um fót, setja spólu í o.s.frv.
- Látið aldrei neina smáhluti komast inn um raufar eða op vélarinnar.
- Notið vélina aldrei utandyra.
- Þegar hætt er að sauma, slökkvið þá á vélinni ("0") og takið snúruna síðan úr sambandi við rafmagn.
- Haldið um tengilinn á snúrunum þegar verið er að taka snúrurnar úr sambandi.

GEYMIÐ LEIÐARVÍSINN Á GÓÐUM STAÐ

Samræmisvottorð

Við staðfestum hér með að þessi saumavél uppfyllir í öllum meginatriðum skilyrði um lággöngu 73/23/EEC, EMC, skilyrði 89/336/EEC og skilyrði um CE merkingar 93/68/EEC.

Þessi staðfesting er byggð á vottorðum og/eða tæknilegum skráum sem framkvæmdar voru af Sænsku Raffangaprófuninni SEMKO.

Allar skrár eru gerðar og geymdar hjá:

VSM Group AB

SE-561 84 Huskvarna

Svíþjóð

Við áskiljum okkur rétt til að breyta vélinni og þeim fylgihlutum sem fylgja henni án fyrirvara, og á þetta einnig við um útlit og hönnun.


Slíkar breytingar munu hins vegar ávallt verða til endurbóta fyrir notandann og vélina..

Efnisyfirlit

	Kynnist Platinum 770	2-16	Saumráðgjafi	24-26
	Yfirlit - vélin að framan	2	Efni valið	24
	Yfirlit - vélin að aftan	3	Saumatækni	25
	Hólf fyrir fylgihluti	3	Hvernig nota á saumráðgjafa	26
	Fylgihluti	3	Tákn á skjánum	27-28
	Vélin tekin í notkun	4	Forritun	29-31
	Fótmótstaða tengd	4		
	Vélin tengd við rafmagn	4	 Þrif og viðhald á Platinum 770	33-37
	Gengið frá vélinni eftir notkun	5	Truflanir og ráð við þeim	36-37
	Hólf fyrir fylgihluti	5		
	Keflispinnar	6-7	 Efnisyfirlit í stafrófsröð	38-40
	Yfirtvinninn þræddur	7	Innihald á video kennsluspólu um	
	Þræðari fyrir nál	8	Platinum 770	40
	Þræðing á tvíburanál	9		
	Spólað á spólu	10		
	Spólað í gegn um nálina	10		
	Spólan sett í vélina	11		
	Nálar	12		
	Skipt um nálar	12		
	Saumfætur	13-14		
	Skipt um saumfót	14		
	Þrýstingur á saumfót	14		
	Fótlyftir	14		
	Tvinnaspenna	15		
	Flytjari tekinn úr sambandi	16		
	Aðgerðir og skjár	17-30		
	Aðgerðarhnappar vinstra megin á vél	18		
	Aðgerðarhnappar fyrir neðan skjá	19-20		
	Sporlengd	19		
	Sporbreidd	19		
	Tvíburanál	19		
	Hliðarspeglun	19		
	Lengdarspeglun	19		
	FUNC	20		
	Valhnappar	20		
	Minni	20		
	Clr	20		
	Takkar til að velja spor og sauma	20		
	Spor og saumar valdir	21		
	Nytjasaumar og skrautsaumar	21		
	Stafróf	22		
	Undirvalmyndir fyrir stafróf	22		
	Rússneskt og Japanskt stafróf			



Kynnist Platinum 770




Yfirlit - vél að framan

- | | |
|---|---|
| 1. Lok | 20. Lok yfir grípara |
| 2. Stillir fyrir þrýsting á fót. | 21. Botnplata |
| 3. Þráðgjafi | 22. Snerill fyrir flytjara |
| 4. Tvinnaspenna | 23. Fótstöng og fóthalda |
| 5. Forspenna | 24. Festiskrúfa fyrir nál |
| 6. Takki = nálin uppi / nálin niðri | 25. Tvinnaspenna fyrir spólun |
| 7. Stop takki fyrir lok á saum | 26. Aðal-keflispinni |
| 8. FIX takki | 27. Skífur fyrir tvinnakefli |
| 9. Saumhraði - meiri hraði | 28. Þræðingar fyrir spólun |
| 10. Saumhraði - minni hraði | 29. Auka-keflispinni |
| 11. Start/Stop takki | 30. Spólari |
| 12. Takki fyrir afturábak saum | 31. Spólara-stopp |
| 13. Snerill til að stilla tvinnapennu | 32. Tvinnahnifur fyrir spólun |
| 14. Tengill fyrir nema á hnappagatafæti | 33. Handhjól |
| 15. Ljós | 34. Skjár og aðgerðarhnappar |
| 16. Þræðari fyrir nál | 35. Aðalrofi og tenglar fyrir mótstöðu og rafmagn |
| 17. Nálstöng | 36. Málband (tommur og sentimetrar) |
| 18. Saumfótur | |
| 19. Fríarmur | |




Yfirlit - vél að aftan

- 37. Handfang
- 38. Tvinnahnífur
- 39. Fótlyftir
- 40. Þræðari fyrir nál



Hólf fyrir fylgihluti

- 41. Hólf fyrir fylgihluti
- 42. Hólf fyrir saumfætur
- 43. Hólf fyrir spólur



Fylgihlutir


Pictogram penni

Nálar

Tvinni

Saumfætur A, B, C, D, E, H, J og hnappagatafótur með nema (sjá bls. 13-14 þar sem er yfirlit um saumfætur

- 44. Bursti
- 45. Opnari fyrir stingplötu (er festur við burstann)
- 46. Skrúfjárn
- 47. Sprettihnífur
- 48. Jöfnun
- 49. Spólur
- 50. Filtskífur
- 51. Áhald til að fjarlægja perur
- 52. Tvinnanet






Vélin tekin í notkun


1. Setjið vélina á borð, fjarlægðið þakkingar og lyftið lokinu af vélinni.
2. Fjarlægðið þakkingar, fótómststöðuna og lokið af vélinni.
3. Vélin er afgreidd með þoka með fylgihlutum og rafmagnssnúru.
4. Strjúkið af vélinni með þurrum klút, og sérstaklega í kring um nálasvæðið til að fjarlægja ryk og óhrainindi áður en byrjað er að sauma..

Fótómststaðan tengd

Meðal fylgihlutanna eru snúrur fyrir fótómststöðuna og rafmagnið. Tenging á snúrunni fyrir fótómststöðuna er aðeins nauðsynleg í fyrsta sinn sem vélin er tekin í notkun;



1. Takið snúruna fyrir fótómststöðuna. Snúið mótstöðunni við og tengið snúruna við tengilinn innan í úrtakinu neðan á fótómststöðunni.
2. Þrýstið tenglinum alveg inn í tengilinn á mótstöðunni..
3. Leggið snúruna í gegn um raufina sem er hægra megin neðan á fótómststöðunni.



Vélin tengd við rafmagn

Neðan á vélinni eru upplýsingar um spennu hennar (V = volt) og (Hz = riðafjöldi).

Áður en þið tengið fótómststöðuna við vélina, gangið úr skugga um að hún sé af gerðinni “FR4” (sjá neðan á fótómststöðunni).

1. Tengið fótómststöðuna við fremri tengilinn sem er á hægri hlið vélarinnar.
2. Tengið rafmagnssnúruna við aftari tengilinn á hægri hlið vélarinnar.
3. Þegar þið kveikið á aðalrofanum (ON) þá kviknar á vélinni og ljósi hennar.






Fyrir USA og Kanada

Fyrir þessi lönd eru vélarnar afgreiddar með flötum póluðum tenglum, þar sem annar flöturinn er breiðari en hinn. Tenglunum á aðeins að vera hægt að stinga í samband á einn hátt. Ef hann gengur ekki í hústengil, reynið þá að snúa honum við. Ef það gengur ekki heldur, þarf að kalla á rafvirkja til að setja fullkominn pólaðan tengil í viðkomandi íbúð. Alls ekki má breyta tengli vélarinnar.



Gengið frá vélinni að saum loknum

1. Ýtið á aðalrofann til að slökkva á vélinni (OFF).
2. Takið snúruna fyrst úr sambandi við veggtegilinginn og síðan úr vélinni.
3. Vindið snúrunni um handarbakið og setjið hana síðan í vasann utan á lokinu. Hér er einnig hægt að geyma leiðarvísinn og handbókina.
4. Takið fótstötstöðuna úr sambandi frá vélinni - vindið snúrunni um handarbakið og setjið hana síðan í úrtakið neðan á fótstötstöðunni.
5. Gætið þess að allir fylgihlutir séu á sínum stað í hólfinu fyrir fylgihlutina. Rennið því síðan á sinn stað utan um friarm vélarinnar.
6. Setjið fótstötstöðuna, með neðri hlutann að ykkur þannig að hún falli í raufina sem er á hólfinu fyrir fylgihlutina aftan til á vélinni.




Hólfid fyrir fylgihluti

Í hólfinu fyrir fylgihlutina eru sérstök svæði fyrir saumfætur, spólur, nálar og aðra fylgihluti. Gangið þannig frá fylgihlutunum að auðvelt sé að nálgast þá.

Hólfid fyrir fylgihlutina fjarlægt.


Til að nota friarminn er nauðsynlegt að fjarlægja hólfid fyrir fylgihlutina. Þegar hólfid er á sínum stað undir friarminum, þá er því haldið á sínum stað með smá plastkrók. Það er hnappur neðan á vinstri hlið hólsins (1) sem ýtt er á til að fjarlægja það. Þrýstið á hnappinn upp á við og rennið hólfinu til vinstri..





Keflispinnar

Á Platinum 770 eru tveir keflispinnar - aðal og auka keflispinnar. Keflispinnarnir henta svo til öllum gerðum af tvinnakeflum Sveigið aðal-keflispinnann upp á við til hægri - setjið tvinnakefli á hann þannig að tvinninn renni réttisælis af keflinu. Rennið hentugri skífu upp að keflinu (sjá að neðan) og sveiflið pinnanum síðan aftur í lárétta stöðu.




Aðal-keflispinninn

Aðal-keflispinninn er stillanlegur og hægt að nota hann bæði í lárétttri stöðu (tvinninn rennur af keflinu) eða lóðrétttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Það eru tvær skífur á keflispinnanum, ein stór (a) og önnur minni (b). Notkunin á skífunum fer eftir því hvaða tegund af tvinnakefli og í hvaða stöðu keflispinninn er. Notið lárétta stöðuna fyrir öll venjuleg tvinnakefli og lóðréttu stöðuna fyrir stærri kefli, eða sérstakan tvinna.

Lárétt staða


Þegar keflispinninn er notaður í lárétttri stöðu og fyrir venjuleg tvinnakefli, þá er stærri skífan (a) sett undir tvinnakeflið. Smærri skífan (b) er svo sett fyrir framan keflið.

Ef þið notið stærri tvinnakefli, þá er minni skífan sett undir keflið (b) en stærri skífan sett fyrir framan það (a).



Narrow thread spool



Þrýstið flötu hliðinni á skífunum upp að tvinnakeflinu, og gætið þess að ekkert bil sé á milli skífunnar og keflisins.



Large thread spool

Lóðrétt staða

Ef nota á keflispinnann í lóðrétttri stöðu, þá er honum smellt upp á við til hægri. Rennið stærri skífunni á hann og setjið filtskífu undir tvinnakeflið. Hún er til þess að tvinninn renni ekki of hratt af keflinu.







Auka-keflispinninn

Auka-keflispinninn er notaður t.d. þegar verið er að spóla á spóluna af öðru tvinnakefli, eða fyrir annað tvinnakefli þegar verið er að sauma með tvíburanál.

Þegar verið er að nota aukakeflispinnann þá er stærri skífa og filtskífa sett á hann.



Yfirtvinninn þræddur

Þegar yfirtvinninn er þræddur er saumfóturinn hafður í efri stöðu, og nálin höfð í efstu stöðu.

1. Smellið keflispinnann upp á við og setjið skífu og tvinnakefli á hann (farið eftir leiðbeiningunum hér á undan). Tvinninn á að renna réttssælis af keflinu. Setjið keflispinnann aftur í lárétta stöðu.

Haldið í tvinnann nálægt keflinu og notið hægri hendina. Notið vinstri hendina til að smeygja tvinnanum í raufarnar eins og örvarnar sýna.

2. Smeygið tvinnanum í fyrstu stýringuna (a), síðan niður og aftur upp á milli

skífanna í tvinnaspennunni (b).

3. Haldið áfram að þræða eins og örvarnar sýna. Smeygið tvinnanum frá hægri þegar þrætt er í raufina á þráðgjafanum.
4. Smeygið tvinnanum síðan í síðustu stýringuna rétt fyrir ofan nálina.
5. Nálin er þrædd framan frá. (sjá nánar í þræðara fyrir nál).
6. Smeygið tvinnanum undir saumfótinn og þaðan í tvinnahnífinn sem er vinstri megin á vélinni og togið aðeins í hann niður á við til að klippa hann.




Þræðari fyrir nál


Nálin verður að vera í efstu stöðu til að hægt sé að nota þræðarann. Við mælum einnig með því að saumfóturinn sé settur niður.

1. Togið þræðarann alveg niður og látið tvinnann krækjast undir stýringuna (a).
2. Snúið honum fram á við þar til járnhlífarnar á honum fara utan um nálina. Þá fer lítill krókur í gegn um nálaraugað.
3. Leggjið nú tvinnann um stýringuna og síðan undir járnhlífarnar sem eru utan um nálina og þannig að tvinninn fari í krókinn sem fór í gegn um nálaraugað.
4. Látið nú þræðarann fara hægt og rólega til baka og við það dregur krókurinn á þræðaranum tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju hinum megin. Togið lykkjuna síðan alveg í gegn um nálina.
5. Setjið tvinnann undir saumfótinn og klippið hann.

ATH: Þræðarinn hentar fyrir nálar í grófleika 70-120. Ekki er hægt að nota hann á mjög finar nálar í grófleika 60 eða finni, og ekki á wing-nálar (húllsaumsnálar), tvíbura eða þríburanálar, eða þegar verið er að nota hnappagatafótinn með nemanum. Þegar verið er að nota nokkur önnur aukataeki gæti þurft að handþræða nálina. (sjá að neðan).


Þegar nálin er þrædd með höndunum, verður að gæta þess að þræða hana framan frá. Hvíti flöturinn á fóthöldunni gerir auðveldara að sjá nálaraugað, og hægt er að nota lokið yfir spólunni sem stækkunargler.





Þræðing fyrir tvíburanál

1. Setjið tvíburanál í nálarhölduna. (sjá nánar á bls. 12 "Skipt um nálar").
2. Notið auka-keflispinnann og annað tvinnakefli eða spólið tvinna á aðra spólu og notið hann..
3. Vinstri nál in (**rauð**): Þræðið eins og lýst var á bls. 7 og gætið þess sérstaklega að tvinninn fari á milli innri spenniskífanna og inn í stýringuna fyrir ofan nálina. Þræðið vinstri nálina. keflispinnann upp og setjið stóru skífuna og filtskífu á hann.
5. Setjið tvinnakefli eða spólu með tvinna fyrir hina nálina á keflispinnann.
6. Þræðið vélina eins og áður var lýst, en þessi tvinni verður að vera á milli ytri spenniskífanna og fyrir utan síðustu stýringu fyrir ofan nálina. Þræðið hægri nálina.
4. hægri nál in (**blá**): Togið auka-




Spólað á spóluna


1. Setjið tóma spólu á spólarann og látið vörumerki Husqvarna snúa upp. Ýtið síðan niður á spólarann.
2. Setjið skifu og filtskifu á auka-keflis-pinnann
3. Þræðið tvinnann í fyrstu stýringuna (a) , síðan undir næstu stýringu (b) og þaðan yfir síðustu stýringuna (c) eins og sýnt er á myndinni að ofan.
4. Snúið tvinnanum nokkra hringi rétt-sælis í kring um spóluna og síðan í tvinnahnífinn (d).
5. Stígið á fót móttöðuna. Þegar spólan er orðin full, þá stöðvast spólarinn sjálfkrafa. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann. Ýtið spólarann upp á við.

ath: Eftir gæðum tvinnans getur verið gott að snúa tvinnanum einu sinni eða tvisvar í kring um fyrstu stýringuna (a).

Spólan sett í vélina

1. Fjarlægið lokið yfir gríparann með því að renna því fram á við.
2. Setjið spóluna í spóluhúsið og gætið þess að vörumerki Husqvarna snúi upp og tvinninn snúi til vinstri. Spólan snýst þá rangsælis þegar togað er í tvinnann.
3. Setjið finger ofan á spóluna til að halda við hana um leið og þið togið í tvinnann til hægri og síðan til vinstri inn í spennu-fjöðrina (a) þar til hann "smellur" á sinn stað..
4. Haldið áfram að þræða í kring um (b) og til hægri og þaðan til vinstri í tvinnahnífinn (c). Setjið lokið aftur yfir gríparann (1). Togið tvinnann til vinstri til að klippa hann (2).





Spólað í gegn um nálina

Aðgætið að nálin og saumfóturinn séu í efstu stöðu. Notið eingöngu grænu Husqvarna spólurnar..

Notið eingöngu saumfót úr járni þegar spólað er í gegn um nálina.

Spólið eins og lýst var hér á undan. Eini munurinn er sá að tvinninn er þræddur í gegn um nálina, þaðan undir saumfötinn og síðan til hægri yfir stýringuna (c).

Ath: Við mælum ekki með því að spóla sér-tvinna eins og glærum tvinna eða aðra teygjanlega tvinna í gegn um nálina. Spólið þá á “venjulegan hátt” eins og lýst var hér á undan.





Nálar

Saumavélanálin er mikilvægur hlekkur þegar verið er að sauma. Gætið þess að kaupa eingöngu gæðanálar og nálar af tegund 130/705H. Nálararnar sem fylgja Platinum 770 vélinni innihalda mest notuðuðu grófleikana fyrir bæði ofin og teygjanleg efni.

A. Alhliða nálar í grófleikum 80 og 90
Þessar nálar eru notaðar við saum á ofnum efnum. Oddur nálanna er hannaður þannig að hann stingi á milli þráðanna, svo hann skemmi ekki vefnaðinn.

B. Nálar fyrir teygjanleg efni í grófleika 90
Þessar nálar eru oftast kallaðar “stretch” nálar og eru fyrir þrjú og teygjanleg efni. Þær eru merktar með gulum lit og eru með kúlulagaðan odd,

C. Nálar fyrir gallabuxnaefni í grófleika 90
Þessar nálar eru kallaðar “Jeans” nálar og eru hannaðar fyrir gróf ofin efni eins og “denim” og segldúka. Þessar nálar eru merktar með bláum lit og eru með mjög hvassan odd til að auðvelda nálinni að komast í gegn um þessi grófu efni.




Ath: Skiptið reglulega um nálar og notið eingöngu beinar og oddhvassar nálar.

Skemmd nál (b) getur orsakað að vélin hlaupi yfir spor, að nálin brotni eða tvínninn slitni. Skemmd nál getur líka skemmt stingplötuna á vélinni.

Skipt um nál

1. Losið um skrúfuna í nálarhöldunni.
2. Fjarlægjið nálina.
3. Setjið nýja nál í hölduna og gætið þess að flati kanturinn snúi frá ykkur, og ýtið henni eins hátt upp í hölduna og hægt er.
4. Notið skrufjárnid til að herða skrúfuna.






Saumfætur

Með vélinni fylgja nokkrir saumfætur fyrir hina ýmsu sauma.


Saumfótur A

Er á fóthöldunni þegar vélin er afgreidd frá verksmiðju. Þessi fótur er aðallega notaður fyrir beina sauma og zik zak þar sem sporlengdin er lengri en 1.0.




Saumfótur B

Þegar saumuð eru þétt zik zak spor með sporlengd minni en 1,0. Einnig er gott að nota þennan fót með ýmsum nytja- og skrautsaumum. Úrtakið neðan á fætinum rennur mjög vel yfir þetta sauma.




Saumfótur C

Þetta er hnappagatafótur, og er með línur sem ákvarða lengd. Miðlínan gefur til kynna 15mm fjarlægð frá jaðri. Raufarnar tvær undir fætinum eru einnig góðar stýringar fyrir leggi hnappagatsins..




Saumfótur D

Þessi fótur er fyrir blindfalda. Innri brún fótarsins stýrir efninu og botninn er hannaður þannig að hann rennur meðfram faldbrúninni.




Saumfótur E

Þessi fótur er fyrir rennilása og hægt er að setja hann á fóthölduna þannig að nálin sé annaðhvort vinstra eða hægra megin við hann.



Saumfótur H

Þessi fótur er með teflón húð neðan á sólanum, og er notaður þegar sauma þarf svampefni, plastefni eða leður. Teflon húðin kemur að mestu í veg fyrir að efnin festist við fótinn.






Saumfótur J


Þessi fótur er notaður til að kasta jaðra með “overlocksaum” og einnig til að sauma saman og ganga frá jaðrinum í einum saum og þá er sporbreiddin 5,0 til 5,5 mm. Saumarnir fara út fyrir pinnann á fætinum, en hann kemur í veg fyrir að jaðarinn rykkist.

Hnappagatafótur með nema eða skynjara Þegar þessi fótur er tengdur við vélina, þá getur vélin saumað aftur og aftur sömu lengd af hnappagati og upprunalega var saumuð með þessum fæti. Miðlínán á fætinum gefur til kynna 15mm fjarlægð frá brún efnisins.




Skipt um saumfót

1. Gætið þess að nálin sé í efstu stöðu. Togið í saumfótinn skáhallt fram á við.
2. Setjið nýjan fót þannig í fôthölduna að pinninn í saumfætinum sé á mótis við fjöðrina í fôthöldunni. Þrýstið á fótinn þar til hann smellur á sinn stað.



Þrýstingur á saumfót (a)


Hægt er að stilla þrýstinginn á saumfótinn með skífunni sem er undir lokinu á Platinum 770. Venjulega stillingin er í kring um svæði merkt 4 og því hærri sem talan er, þeim mun meiri þrýstingur er á efnin. Þrjón og mjúk efni ætti að sauma með minni þrýsting.



Fótlyftir (b)

Fætinum er lyft og hann lækkaður með fótlyftinum. Fóturinn verður ávallt að vera niðri þegar reynt er að sauma.

Með því að lyfta fætinum í efstu stöðu, og þrýsta síðan á fótlyftinn þá er hægt að auka svæðið undir fætinum um nokkra millimetra.






Yfirtvinnaspenna

Notið ávallt þá tvinnaspennu sem gefin er upp á skjánum.

Hægt er að breyta yfirtvinnaspennunni ef verið er að sauma sérstök efni eða sauma. Þetta er gert með því að snúa skifunni á yfirtvinnaspennunni (a). Því hærri sem talan er þeim mun meiri verður spennan. Venjulegasta stillingin er á svæðinu í kring um 4.

Þegar verið er að sauma hnappagöt eða skrautsauma ætti að stilla á svæði 3.

Þegar verið er að stinga jaðarstungur með grófum tvinna þarf að auka spennuna á 7-9.




Rétt og röng tvinnastilling;

Til að skilja rétta tvinnastillingu ættuð þið að sauma nokkur zik zak spor og breyta stillingunni á yfirspennunni.

1. Byrjið með tvinnaspennu sem er of lág. Stillið á lægri tölu. Undirtvinninn liggur nú beinn og togar yfirtvinnann niður á rönguna.
2. Ef tvinnaspennan er stillt of hátt, þá skeður það gagnstæða, og saumurinn rykkist og tvinninn slitnar e.t.v.
3. Rétt tvinnastilling er þegar yfir og undirtvinninn mætast á milli efnanna, nema í skrautsaumum, þá eiga þeir að hnýtast rétt við jaðarinn á röngunni.


Saumið nokkra prufusauma á efnisbúta af sama efni og sauma á seinna meir. .





Flytjarinn tekinn úr sambandi

Flytjarinn er tekinn úr sambandi með því að snúa snerlinum framan á fríarminum á táknið . Snúið honum svo aftur til hægri á táknið  þegar þið viljið setja hann aftur í samband. Flytjarinn fer aftur í samband um leið og byrjað er að sauma. Flytjarinn er tekinn úr sambandi þegar verið er að festa tölur, og við fríhendis saumaskap.



AÐGERÐIR OG SKJÁRINN





Aðgerðarhnappar



nál in uppi / nál in niðri er notað til að færa nálina í efri eða neðri stöðu og/eða til að láta vélina stöðvast með nálina í efri eða neðri stöðu.

ath: Hægt er að ákveða hvort vélin stoppar með nálina uppi eða niðri á meðan verið er að sauma..



st op er notað til að ljúka við ákveðið spor eða mynstur. Vélina stöðvast að saum loknum og gengur sjálfkrafa frá endunum. **STOP** er afturkallað með því að ýta aftur á hnappinn eða með því að velja annan saum. Þegar **STOP** er virkt, þá kemur teikn á skjáinn Hægt er að forrita Stop-aðgerðina.




fix er notað til að ganga frá tvinnaendunum. Þegar ýtt er á hnappinn þá kemur teikn á skjáinn. Ef ýtt er aftur á hnappinn þá er aðgerðin gerð óvirk. Þegar byrjað er að sauma, saumar vélina nokkur spor til að ganga frá tvinnaendunum og saumar síðan valinn saum. Ýtið aftur á **FIX** hnappinn á meðan saumað er og þá gengur vélina frá endunum þegar hætt er að sauma. Hægt er að forrita Fix aðgerðina.



Ýtið á + speed eða - speed til að auka eða minnka hraða vélarinnar.



Allir saumar í Platinum 770 hafa ákveðinn hraða sem mælt er með fyrir þann saum og þegar byrjað er að sauma þá mun Platinum 770 sauma á þeim hraða sem ákveðinn



var. Ef þið ákveðið hins vegar að minnka hraðann þá gildir sú stilling fyrir alla aðra sauma þar til slökkt er á vélinni.



start/stop er snert þegar þið viljið að vélina saumi sjálf án þess að stigið sé á fótómótstöðuna. Ýtið á **START/STOP** þegar þið viljið að vélina byrji eða hætti að sauma.



afurábak Ýtt er á þennan takka þegar þið viljið að vélina saumi afturábak. Þegar takkanum er sleppt saumar vélina áfram á ný. Lengsta afturábaksporið er 3 mm.

Ef þið viljið af einhverjum ástæðum láta vélina sauma stöðugt afturábak, þá er ýtt tvisvar sinnum snögggt á takkann áður en byrjað er að sauma. Afturábaksaumur er gefinn til kynna með teikni á skjánum..

Platinum 770 saumar afturábak þar til takkinn er snertur á nýjan leik.



Aðgerðarhnappar við skjá

Sporlengd

Þegar saumur er valinn þá stillir Platinum 770 sjálfkrafa á hentugustu sporlengd fyrir þann saum sem valinn var. Sporlengdin er sýnd á skjánum fyrir ofan sporlengdartakkana. Þið getið breytt sporlengdinni með því að ýta annaðhvort á + eða - takkann. Sumir saumar eru með takmörk á stillingum og er það þá gefið til kynna með lágværu hljóðmerki.

Sporbreidd

Sama gildir um sporbreiddina. Sporbreiddin er einnig sýnd á skjánum fyrir ofan sporbreiddartakkana, og hægt er að stilla breiddina frá 0 og upp í 6 mm. Ef beint spor er valið þá eru sporbreiddartakkarnir notaðir til að færa nálastöðuna til í fætinum. Sumir saumar eru einnig með takmörkun á stillingum og er það þá einnig gefið til kynna með lágværu hljóðmerki.

Tvíburanál

Þegar ýtt er á þennan takka, þá koma sprettiskilaboð á skjáinn sem minna ykkur á að gefa upp millibilið á milli nálanna. Stílið á viðkomandi breidd með því að snerta stillihnappana. Teikn með tvíburanál er sýnt í efra vinstra horni skjásins. Snertið takkann á ný til að sjá núverandi stillingu.

Sporbreiddin er nú sjálfvirk ákvörðuð miðað við nálamillibilið á tvíburanálunum.

Tvíburanála-aðgerðin er virk þar til hún er afturkölluð, jafnvel þótt slökkt sé á vélinni. Ýtið á takkann fyrir tvíburanálarnar og stílið gildið aftur á “0” til að gera aðgerðina óvirka

Hliðarspeglun

Ýtið á þennan takka þegar þið viljið spegla ákveðið mynstur hliðarspeglun. Þegar ýtt er á þennan takka þegar stillt er á beint spor með nálarlegu til vinstri, þá breytist nálarlegan frá vinstri yfir til hægri. Ef þessi takki er snertur í “**REP**” þá snýst öll mynsturröðin við. (sjá bls. 30). Ef reynt er að spegla saum sem ekki er hægt að spegla, þá heyrir lágt hljóðmerki,

Endaspeglun

Ýtið á þennan takka þegar þið viljið spegla ákveðið mynstur í lengdarspeglun. Ef þessi takki er snertur í REP þá snýst öll mynsturröðin við (sjá bls. 30). Ef **STOP** er forritað í lok mynsturraðarinnar, og mynsturröðin er endaspegluð, þá kemur STOP aðgerðin í byrjun.

Ef reynt er að spegla saum sem ekki er hægt að spegla, þá heyrir lágt hljóðmerki.

**FUNC**

Ýtið á þennan takka til að fletta á milli aðgerða í Platinum 770. Um er að ræða þrjár mismunandi aðgerðir, norm þrog og rep. norm aðgerðin (venjulegur saumaskapur) er alltaf virk þegar kveikt er á vélinni. Ýtið einu sinni á takkann til að fara yfir í forritunar-aðgerðina (notuð við forritun), snertið hann aftur til að fara yfir í **REP** aðgerðina, sem notuð er til að sauma forritaðar aðgerðir. Snertið einu sinni enn til að fara aftur yfir í **NORM** aðgerðina. Virk aðgerð er sýnd á skjánum.

Valhnappar

Þessir hnappar eru notaðir til að fara áfram eða til baka í ákveðinni forritaðri mynstur-röð. Þegar stillt er nálar millibil á tvíburanál eða lengd á hnappagati og jafnvægi í sporum á hnappagötum.

M Minni

Platinum 770 er með fjögur minni þar sem hægt er að geyma forrituð mynstur. Hvert minni getur geymt allt að 55 sauma eða bókstafi í þrog eða rep. Viðkomandi númer á minni er sýnt í neðra hægra horni skjásins.

CLR

Ýtið á þennan takka í þrog aðgerð til að eyða öllu eða hluta af mynstri eða mynsturröð (sjá bls. 28). Þegar búið er að eyða mynstri í minni, þá sýna sporlengd og sporbreidd 0,0 á skjánum.

CLR – Tungumál

Þessi takki er einnig notaður til að stilla á language eða það tungumál sem þið viljið nota á Platinum 770. Allar vélar eru stilltar á ensku frá verksmiðju. Til að breyta um tungumál er ýtt á CLR um leið og kveikt er á vélinni. Flettið síðan á milli tungumála með því að ýta á stillihnappana. Ýtið á m til að staðfesta valið.

Valmyndir fyrir sauma

Í Platinum 770 eru þrjár grundvallar valmyndir:

 Saumar

 Stafróf

 Undirvalmynd fyrir stafróf

Teikn í efra hægra horni skjásins gefur til kynna þá valmynd sem er í notkun.

Á næstu blaðsíðum er nánar fjallað um hvernig velja á hina ýmsu sauma.



Saumar valdir

Í Platinum 770 eru þrjár mismunandi valmyndir; Saumar, stafróf og undirvalmynd fyrir stafróf.



Nytja og skrautsaumar

Í Platinum 770 eru 35 nytjasaumar (valmynd 1) og 105 skrautsaumar (valmyndir 2-4). Nytjasaumarnir eru sýndir á snertiborðinu framan á vélinni, en skrautsaumarnir eru sýndir innan á loki vélarinnar. Einnig er yfirlit um nytjasaumana á bls. 62 í handbókinni sem fylgir vélinni.

Ýtið á takkann fyrir valmyndina fyrir saumana til að opna sprettiglugga á skjánum, sem sýnir hinar ýmsu undirvalmyndir. Farið á milli þessara undirvalmynda með því að ýta á hnappinn. Valin valmynd er með ramma í kring á skjánum.



Ýtið á einhvern saumhnappinn til að velja saum. Sprettiglugginn lokast og valinn saumur er kominn á skjáinn. Þegar saumur er t.d. sýndur á skjánum eða í handbókinni sem 1:02 þá þýðir 1 valmynd 1 og 02 valinn saum. Það sama gildir um 4;20 - það er saumur nr 20 í valmynd 4.



Platinum 770 stillir sjálf réttan hraða, rétta sporlengd og sporbreidd. Ráðlagður saumfótur, þrýstingur á saumfót, tvinnaspenna og nál eru sýnd á skjánum. Stílið vélina í samræmi við þessar ráðleggingar.



Stafróf

Í Platinum 770 eru tvenns konar stafróf, útlínu blokk og skrifstafrir.

Útlínu blokkinn er sjálfgefinn valkostur.

Ýtið á takkann fyrir stafrófin, og þá kemur sprettigluggi á skjáinn sem sýnir báðar gerðir af stafrófum. Ýtið aftur á takkann til að fletta á milli þeirra.

Valið stafróf kemur með með ramma í kring á skjánum.

Ýtið á staf (sýndir í rauðum lit á valhnöppunum), til að staðfesta valið á stafrófinu.

Viðkomandi stafurinn kemur í hástaf á skjánum.

Undirvalmynd fyrir stafróf



Þegar ýtt er á hnappinn fyrir undirvalmynd stafrófanna, þá kemur sprettigluggi á skjáinn. Með því að ýta á hnappinn fyrir undirvalmyndina er hægt að velja á milli há og lágstafa, tölustafa/og sérstakra stafa. Rammi er í kring um það stafróf á skjánum sem er valið.

Um leið og stafur er valinn, þá breytist skjárinn og valinn stafur er sýndur ásamt ráðlögðum stillingum.

Ath: Ef ýtt er á takkann fyrir undirvalmynd stafrófanna áður en viðkomandi stafróf er valið þá verður síðast valda stafrófið eða sjálfgefna stafrófið (útlínu blokk) virkt.


Valið stafróf og undirvalmyndin fyrir stafrófin er sýnd á skjánum í efra hægra horninu.



Stafróf með útlínu blokk stöfum



Stafróf með skrifstöfum



Hástafir og lágstafir

Tölustafir / sérstafir





Rússneskt og Japanskt stafróf

Í Platinum 770 eru einnig Rússneskt og Japanskt stafróf. Þegar þessi stafróf eru valin, þá koma þau í stað stafrófsins í skrifstöfum. Þessi stafróf líta allt öðru vísi út en latneska stafrófið sem sýnt er á tökkunum;

Rússneska stafrófið byrjar í efra vinstra horninu á takkanum sem er merktur A, og heldur síðan áfram niður á við frá vinstri til hægri.

Japanska stafrófið byrjar hins vegar í efra hægra horninu á takkanum sem er merktur G og heldur síðan áfram niður á við frá hægri til vinstri.

Hér að neðan er breytitafla sem sýnir þessi stafróf og hvar á að velja stafina fyrir hvert tungumál;

Rússneska

А	а	1	У	у	20
Б	б	2	Ф	ф	21
В	в	3	Х	х	22
Г	г	4	Ц	ц	23
Д	д	5	Ч	ч	24
Е	е	6	Ш	ш	25
Ж	ж	7	Щ	щ	26
З	з	8	Ъ	ъ	27
И	и	9	Ы	ы	28
Й	й	10	Ь	ь	29
К	к	11	Э	э	30
Л	л	12	Ю	ю	31
М	м	13	Я	я	32
Н	н	14			33
О	о	15			34
П	п	16			35
Р	р	17			
С	с	18			
Т	т	19			

Japanska

あ	ア	7	と	ツ	32
い	イ	14	な	1	8
う	ウ	21	に	2	10
え	エ	28	ぬ	3	17
お	オ	35	ね	4	24
か	カ	6	の	5	31
き	キ	13	は	6	2
く	ク	20	ひ	7	9
け	ケ	27	ふ	8	16
こ	コ	34	へ	9	23
さ	サ	5	ほ	0	30
し	シ	12	・	・	1
す	ス	19	・	・	6
せ	セ	26	—	—	15
そ	ソ	33			
た	タ	4			
ち	チ	11			
つ	ツ	18			
て	テ	25			



Saumráðgjafi

Í Platinum 770 er einnig hinn einstaki innbyggði Husqvarna saumráðgjafi. Hann er ávallt virkur og er staðsettur neðst á snertiskjánum. Áður en þið byrjið að sauma, snertið þá fyrst flötinn fyrir efnið og þykktina á því sem þið eruð að sauma, og síðan flötinn fyrir þá saumatækni sem nota á.



Saumráðgjafinn stillir þá á hentugasta sporið, sporlengd, sporbreidd og saumhraða fyrir verkefnið.

Valhnappar fyrir efni


Ofin eða prjónuð

Mismunurinn á milli ofinna og prjónaðra efna er fölginn í því hvernig þræðirnir eru í efnunum. Ofin efni eru ávallt byggð upp á tveimur þráðum, langþráðum og ívafsþráðum sem mætast hornrétt. Prjónuð efni eru hins vegar úr einum (eða fleiri) þráðum sem eru lykkjaðir saman. Prjónuð efni eru í allflestum tilfellum teygjanleg efni.

Almenna reglan er sú að þið ýtið á ofin efni fyrir venjuleg stöðug efni sem ekki eru teygjanleg en á teygjanleg efni fyrir öll efni sem teygjast.



Ofin efni



Prjónuð efni

A ofin þunn: chiffon, organza, batist, silki o.s.frv..


B ofin meðal : calico, quilt-efni, ullarkrep, þunnt léreft o.s.frv..

C ofin þykk: gallabuxnaefni, þykk kápuefni, segldúkur o.s.frv.

D str et ch þunn: undirfatnaður, nylon, þunnt jersey o.s.frv.

E str et ch meðal : meðal prjón, velúr, pluss, sundfatnaður o.s.frv..

F str et ch þykk: gróft prjón, flísefni o.s.frv. .






Leður / Gerfiefni

Leður er skinn af dýrum þar sem hárin hafa verið fjarlægð. Leður getur verið mjúkt eða í rúskinnslíki og teygist aðeins.


Gerfileður er framleitt úr gerfiefnum og rangan á þeim er yfirleitt þunnt ofið efni. Þessi gerfiefni geta verið bæði slétt eða hrjúp og teygjast yfirleitt örlítið.




Leður/gerfiefni: fyrir rúskinn, ekta leður, gerfileður og gerfirúskinn.



Leather



Vinyl



Saumatækni



1 saumar: til að sauma tvö efni saman.



2 kast saumar: til að kasta jaðra á efnum svo þeir rakni ekki og svo þeir verði flatar.



3 saumur/kast saumur: saumar efnin saman og kastar jaðrana um leið.



4 þræðing: bráðabirgða þræðing til að máta flikur eða rykkja efni áður en þau eru saumuð.



5 blindfal dur: er fyrir ósynilega falda á flikum. Ekki ráðlagður fyrir þunn efni eða leður og gerfiefni, en Platin-um 770 vélin velur hentugasta sauminn fyrir viðkomandi efni.



6 fól dun: velur hentugasta sjáanlegan saum fyrir viðkomandi efni og þykkt þess.



7 hnappagöt: saumráðgjafinn velur hentugasta hnappagatið fyrir viðkomandi efni og þykkt þess.

Ath: Ef óheppileg samsetning er valin (t.d. blindfaldur á þunn ofin efni) þá gefur vélin frá sér lágt hljóðmerki.



Hvernig á að nota saumráðgjafann

Sjálfgfna stillingin í saumráðgjafanum er fyrir ofin efni í meðalþykkt og er hún virk þar til annað er valið. Síðasta efni sem var valið verður virkt og geymt í minni vélarinnar þar til annað efni hefur verið valið, jafnvel þótt slökkt verði á vélinni.

Þegar ýtt er á teikn fyrir efni, þá kemur upp sprettigluggi á skjáinn sem sýnir valda efnið.

Þegar Platinum 770 er notuð í fyrsta sinn, eða ef saumur hefur verið valinn með valhnöppunum, þá kemur textinn “Sewing technique” (saumataekni) á skjáflötinn fyrir saumataekni. Ef engin saumataekni er valin þá fer Platinum 770 yfir á það spor sem síðast var notað. Valið efni er sýnt innan flatarins fyrir saumráðgjafann í efra hægra horninu á skjánum.

Ef saumataekni er valin, þá kemur síðast valda efnið (eða sjálfgfna efnið) ásamt saumataekninni í sprettiglugga á skjáinn.

Textinn er sjáanlegur eins lengi og takkanum er haldið, og í nokkrar sekúndur eftir að honum er sleppt. Þá getið þið séð valda sporið og allar ráðleggingar sem því fylgja.

Stillingarnar í saumráðgjafanum eru ávallt sjáanlegar í efra hægra horninu á skjánum. Bókstafurinn á við efnið og tölustafurinn á við saumataeknina. Ef annað spor er valið en ráðlagt var í saumráðgjafanum þá verður valið efni áfram, en vélin yfirgefur saumráðgjafann.


Lærið frekar að notfæra ykkur saumráðgjafann í Platinum handbókinni..





Teiknin á skjánum

Á skjánum eru ávallt teikn sem gefa ykkur allar upplýsingar sem þið þurfið á að halda til að ná sem bestum árangri í ykkar saumaskap. Sum teiknin eru ávallt virk og önnur birtast bara við ákveðnar aðstæður. Teiknin sem birtast á skjánum eru sýnd og útskýrð að neðan.



Almenn teikn

1. upplýsingar um nálar: Hér eru allar upplýsingar um nálar, tegundir, grófleika hvort nota á venjulega nál eða tvíburanál og hvort nálin eigi að stöðvast uppi eða niðri.
2. Hér er hraðinn sýndur.
3. Gefur til kynna að stop aðgerðin sé virk.
4. Gefur til kynna að fix aðgerðin sé virk.
5. Hér er spurlengdin sýnd.
6. Hér er sporbreiddin sýnd.
7. Gefur til kynna að afturábaksaumur sé virkur.
8. Hér er ráðlagður saumfótur sýndur og einnig þrýstingur á saumfót.
9. Hér er ráðlögð tvinnaspenna sýnd.
10. Hér er valinn saumur sýndur.
11. Gefur til kynna að það ætti að nota undirleggsefni.
12. Gefur til kynna virka saumaðgerð.

13. Upplýsingar um saum



saumráðgjafi

Valið efni (bókstafur) og saumataekni (tölustafur) eru sýnd sitt hvoru megin við saumavélateiknið. Einnig er saumurinn sem valinn er af saumráðgjafanum sýndur vinstra megin við saumavélateiknið.



hnappar fyrir sauma

Þegar saumur er valinn með því að ýta á einhvern af hnöppunum, þá kemur valmyndin fyrir sauminn og sporið ásamt völdu efni á þennan flöt.




st afróf

Þegar bókstafur er valinn, þá kemur valið stafróf og undirvalmynd fyrir stafróf ásamt völdu efni á þennan flöt.



Forritunarteikn


14. Þró og rep er sýnt hér og gefur til kynna hvort þið eruð í forritunar aðgerð eða hvort þið eruð í endurtekinni aðgerð að sauma saum.
15. Tölustafur gefur til kynna virkt minni.



14. 15.

Teikn fyrir hnappagat

16. Notið undirleggspír áð undir hnappagatið.
17. Notið hnappagatafót með skynjara.
18. Gefur saumaátt til kynna og hvaða hluta hnappagatsins er verið að sauma.
19. Ýtið á afturábak til að ákvarða stærð hnappagatsins.



17. 16. 18. 19.

Þegar hnappagatafóturinn með skynjara er notaður,;

20. Örvarnar gefa til kynna að leggir hnappagatsins eru saumaðar í sömu átt (aðeins fyrir skyrtuhnappagöt).
21. Stillið á stærð tölu, með því að ýta á örvarnar.



20. 21.

Teikn fyrir skáa

22. Bendill sem gefur til kynna hvaða hluta af skáanúmer verið að sauma
23. Ýtið á afturábak til að sauma skáann.



22. 23.



Forritun

Með Platinum 770 er hægt að forrita sauma og mynstur í mynsturraðir. Geymið síðan mynsturröðina í einhverju minni vélarinnar. Hún er geymd þar jafnvel þótt slökkt verði á vélinni.

PROG aðgerð

Saumráðgjafiinn er ekki virkur þegar verið er að forrita. Snertið func til að gera prog aðgerðina virka.

M Minnir

Ýtið á m til að velja minni. M og tölustafurinn sem er á eftir honum gefur til kynna virkt minni. Í vélinni eru 4 minni (M01 til M04). Hvert minni getur geymt upp í 55 spor, sem þýðir að samtals er hægt að geyma um 220 sauma og/eða stafi í minnunum 4.


Þegar prog, er gert virkt, þá verður síðast notaða minnið virkt. Til að vista sauma í öðru minni en því sem er virkt, þá veljið þið fyrst númer minnisins áður en þið byrjið að forrita. Mynstrin verða þá sjálfkrafa vistuð í því minni.

Bendillinn færður

Bendillinn á skjánum er fyrir neðan virka forritunarflötinn á skjánum. Notið örvarnar til að færa bendilinn til hliðar.

Sporum og saumum eytt

Ef það er saumur eða bókstafir í völdu minni sem sýnt er á forritunarfletinum, þá er ýtt á cl r til að hreinsa úr minninu. Til að endurhlaða þetta aftur í minnið er ýtt aftur á cl r áður en nýtt mynstur er sett í mynstrið.



 Ath: Þegar verið er að forrita, þá er möguleiki á því að minnka bil á milli tveggja stafa. Ýtið á < þegar valmyndin fyrir tölustafina og sértáknin er virk til að forrita stutt afturábakspor. Þeim mun fleiri afturábakspor sem forrituð eru þeim mun styttra bil verður yfir á næsta staf.

 Ath: Hægt er að forrita bæði STOP og FIX aðgerðirnar. STOP aðgerðin er forrituð þegar þið viljið aðeins sauma viðkomandi mynstur eða mynsturröð einu sinni. FIX aðgerðina er hægt að forrita ef þið viljið láta vélina ganga frá saumnum í byrjun eða lok hans.



Saumar og stafir forritaðir

Til að forrita sauminn hér til hliðar;

- Ýtið á func til að gera PROG virkt
- Veljið saumavalmynd 4.
- Veljið saum 4:20. Hann kemur upp á skjáinn.

Bendillinn færast sjálfkrafa á næsta stað og er tilbúinn að taka á móti næsta saum, eða til að stilla þann sem var síðast settur inn.

- Ýtið á  til að spegla myndina enda í enda.

Til að forrita “E” í hástaf veljið þið útlínu blokk stafrófið úr stafrófs valmyndinni.

- Veljið “E”. “E” kemur á skjáinn við hliðina á skrautsaumnum.




Til að forrita “rika” í lágstöfum, veljið þið lágstafi úr valmyndinni fyrir stafrófin. Þegar undirvalmyndin fyrir lágstafina er gerð virk, þá sést a.. á skjánum við hliðina á teikninu fyrir stafrófsvalmyndina.

- Ýtið á **R**, og stafurinn kemur á skjáinn og bendillinn færast um set, Haldið áfram og veljið stafina: **I**, **K**, og **A**.

Veljið saumavalmynd 4 til að velja síðustu mynstrin.

- Veljið saum 4:20. Hann kemur upp á skjáinn.


Ýtið á hnappinn fyrir  aðgerðina til að sauma þetta mynstur aðeins einu sinni.





Mynstri eða staf breytt

Hægt er að breyta sérhverju spori eða staf í PROG þegar bendillinn er staðsettur fyrir neðan það. Veljið einfaldlega réttan saum eða staf til að koma í staðinn fyrir þann sem er á staðnum.



Til að bæta saum eða staf við í PROG þá færið þið bendilinn á staðinn sem er á eftir þeim stað sem þið viljið bæta saumnum inn í. Ýtið á CLR. Veljið sauminn sem á að bæta inn og ýtið aftur á CLR til að setja restina af mynstrunum aftur á sinn stað.

Saumum breytt í forriti

Ef þið viljið breyta spori í saumaröð, þá staðsetjið þið bendilinn undir sporið. Síðasta spori í saumaröð er hægt að breyta, jafnvel þótt bendillinn sé staðsettur á eftir því. Hægt er að breyta sporlengd, sporbreidd, eða spegla saum eða staf. Breytingarnar verða vistaðar í minninu.

Saumaröðin saumuð



Ýtið á func til að kalla fram r ep aðgerðina. Mælt er með saumfæti B, og stop er sýnt með stop teikninu.

Ef þið hafið forritað saumaröð sem er of löng til að hún sjáist öll á skjánum, þá er hægt að skoða það með því að fletta því fram og til baka með aðgerðartökkunum.

Saumið saumaröðina á efni og hafið undirleggsefni undir efninu.

Allri saumaröðinni breytt

Í rep er hægt að breyta sporlengdinni, sporbreiddinni eða spegla alla mynsturröðina. Þær breytingar verða hins vegar ekki vistaðar í minni vélarinnar.





UMHIRÐA VÉLARINNAR PLATINUM 770





Skipt um peru


Notið eingöngu perur af sömu gerð og teknar eru fram framan á vélarhausnum. Þær fást hjá umboðsaðila Husqvarna.

1. Setjið áhaldið fyrir peruskiptin þannig að dýpri hluti þess, merktur OUT fari utan um peruna.


Snúið perunni EKKI, togið hana bara niður á við.

2. Þegar ný pera er sett í er hún sett í þann hluta áhaldsins sem er merkt IN, og síðan er henni ýtt upp í perustæðið.

1.



2.





Umhirða vélarinnar

Til að halda vélinni vel við er nauðsynlegt að hreinsa hana oft. Athugið að það þarf ekki að smyrja vélina.

Hreinsun

Hreinsið vélina að utan með mjúkum og þurrum klút.

Hreinsað í kring um gríparasvæðið

Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu yfir gríparanum af vélinni. Takið flytjarann úr sambandi. Setjið áhaldið til að fjarlægja stingplötuna á burstann, og síðan í úrtakið fyrir aftan stingplötuna. Hreinsið flytjartennurnar með burstanum.

Hreinsað undir gríparasvæðinu



Þegar ló safnast saman, þá þarf að hreinsa svæðið undir gríparanum.

Fjarlægið hölduna yfir spóluhúsinu (1) sem er fremst yfir gríparanum (2) Fjarlægið spóluhúsið með því að lyfta því upp. Hreinsið svæðið með burstanum.

Setjið spóluhúsið og hölduna yfir því aftur á sinn stað.

Stingplatan sett á aftur.

Hafið flytjarann úr sambandi. Staðsetjið stingplötuna ca. 5 mm frá aftari brúninni og þrýstið plötunni síðan aftur á bak. Rennið lokinu yfir gríparanum á sinn stað og setjið flytjarann aftur í samband.





Truflanir og ráð við þeim

Farið yfir þennan lista ef einhver vandamál koma upp þegar þið eruð að sauma;

- Gefið upp rétta tegund af efni í saumráðgjafanum..
- Setjið nýja nál af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik.
- Notið keflispinnann í annaðhvort láréttri eða lóðréttri stöðu.
- Notið tvinnanet og aðeins fyrsta flokks tvinna. Við almenna sauma mælum við með að nota sömu gerð af tvinna sem yfir og undirtvinna, en við útsauma og hnappagöt mælum við eindregið með Sulky 40 útsaumstvinna sem yfirtvinna og Sulky undirtvinna á spóluna.

Efnið rykkist?

- Gefið upp rétta tegund af efni í saumráðgjafanum..
- Athugið nálina - hún gæti verið skemmd.
- Setjið nýja nál í vélina af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik.
- Skiptið um tvinna þannig að hann hæfi völdu efni og saumataekni.
- Notið aðeins gæðatvinna.
- Styttið sporlengdina.
- Notið undirleggsefni.

Vélin hleypur yfir?

- Athugið nálina - hún gæti verið skemmd.
- Skiptið um nál og setjið nál af ráðlögðum grófleika og tegund í vélina.
- Aðgætið að nálin snúi rétt í nálarhöldunni og sé alla leið upp í henni.

- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik.
- Notið þann saumfót sem mælt er með.
- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni.
- Hafið samband við umboðsaðilann.

Nálin brotnar?

- Togið ekki í efnið um leið og þið saumið.
- Setjið nýja nál af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Setjið nálina rétt í vélina eins og sýnt er á bls. 12.

Léleg tvinnaspenna?

- Veljið rétt efni í saumráðgjafanum.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik. Notið gæðatvinna.
- Setjið nýja nál í vélina af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Farið eftir leiðbeiningum um tvinna-spennu.
- Farið eftir ráðleggingum um undirleggs-efni.

Yfirtvinninn slitnar?

- Er auðvelt að toga í tvinnann - festist hann einhversstaðar?
- Notið tvinnanet og gæðatvinna..
- Notið annan grófleika af nál eins og mælt er með í HJÁLPAR valmyndinni.
- Þræðið yfir og undirtvinna á nýjan leik - er vélin rétt þrædd?
- Setjið keflispinnann í aðra stöðu (lárétta eða lóðrétta).
- Skiptið um stingplötu ef gatið á henni er skemmt.
- Er rétt skífa fyrir framan tvinnakeflið?



Efnið færist ekki?

- Er flytjarinn í sambandi?
 - Aukið sporlengdina,
- Spólutvinninn slitnar?
- Spólið aftur á spóluna..
 - Skiptið um spólu í vélinni. Yfirfarið rétta þræðingu (sjá bls. 10).
 - Skiptið um stingplötu ef gatið á henni er skemmt.
 - Hreinsið gríparasvæðið.

Það spólast ójafnt á spóluna?

- Yfirfarið þræðingu fyrir spólun.

Ekki rétt spor - óregluleg og mjó spor?

- Takið öryggið fyrir tvíburanál úr sambandi.
- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni.
- Skiptið um nál, þræðið yfir og undir-tvinnann á ný.
- Notið undirleggsefni.

Vélin saumar hægt?

- Yfirfarið stilltan hraða.
- Fjarlægið stingplötuna og burstið ló frá gríparasvæði og flytjara.
- Látið yfirfara vélina hjá umboðinu.

Vélin saumar ekki?

- Togið spólarann upp í saumastöðu.
- Aðgætið að allir kaplar séu alla leið í tenglunum.
- Athugið hvort rafmagn sé að vegg-tenglinum.

Ekkert sést á skjánum?

- Skjárinn getur verið viðkvæmur gagnvart stöðurafmagni. Ef slökkt er á skjánum vegna stöðurafmagns, reynið þá að slökkva á vélinni og kveikja aftur á henni. Ef það dugar ekki er ráðlegt að hafa samband við umboðið.

Látið yfirfara Platinum 770 saumavélina reglulega hjá Husqvarna umboðinu.

Ef þið hafið farið eftir ofangreindum leiðbeiningum en hafið ekki getað lagað það sem að er, er best að koma vélinni til umboðsaðilans. Ef um eitthvað ákveðið vandamál er að ræða er ávallt gott að láta fylgja með saumaða prufu með ykkar tvinna á búi af því efni sem þið eruð að nota. Saumuð prufa segir oft meira en mörg orð.

Hlutir og fylgihlutir frá öðrum

Ábyrgðin á Platinum 770 nær ekki til skemmda eða bilana sem stafa af því að þið hafið notað hluti eða aukahluti frá öðrum framleiðanda.



Efnisyfirlit í stafrófsröð

Minni

20-29

Aðal-keflispinni	6		
Aðgerðarhnappar	18		
Aðgerðir		Nálin	
FUNC	20	gölluð nál	12
NORM	20	skipt um nál	12
PROG	20	uppi / niðri	18
REP	20	þræðari f. nál	8
Afturábak saumur	18	NORM	20
Allri saumröðinni breytt	31		
Auka keflispinni	7	Overlock	25
Blindfaldur	25	Prjónuð efni	24
Bókstafir	21	PROG	20, 29
Efni þrædd saman	25	REP	20
Efnisval	24-25	Rétt og röng tvinnaspenna	15
Endaspeglun	19		
		Saumfætur	13
Faldur	25	fötlyfta	14
FIX	18	skipt um fót	14
Flytjari tekinn úr sambandi	16	þrýstingur á saumfót	14
Forritun	29-31	Saumhraði	18
Stafir og saumar	30-31	Saumráðgjafi	24-26
Fötlyfta	14	Saumum breytt í forriti	31
Fótmótstaða	4, 5	Saumum eytt	20
Fylgihlutum komið fyrir	5	Saumur og kastsaumur í einum saum	25
FUNC	20	Skipt um	
Földun	25	nál	12
		peru	34
Gengið frá að saum loknum	5	saumfót	14
		stingplötu	35
Hliðarspeglun	19	Skrifstafir	21
Hnappagatafötur m/skynjara	14	Speglun (endaspeglun)	19
Hnappagöt		Speglun (hliðarspeglun)	19
m/fæti m/skynjara	14	Spólað á spóluna	10
saumráðgjafi	24	Spólan sett í vélina	11
Hólf fyrir fylgihluti	3	Sporbreidd	19
Hólf fyrir fylgihluti fjarlægt	5	Sporlengd	19
Hreinsun á vél	35	Stafróf	21
		Start / Stop	18
Keflispinnar	6		
Leður	25		



Stingplatan fjarlægð	35
----------------------	----

Teikn á skjá	27
Tenging við rafmagn	4
Teygjanleg efni	24
Truflanir og ráð við þeim	36-37
Tungumál á skjá	20
Tvinnastilling	15

Umhirða um vélina	33-38
Útlínustafir	31

Val á efni	24-25
Val á saum	21
Valhnappar	20
Valmynd	
Saumar	20, 21
Stafróf	21
Undirvalmynd fyrir stafróf	22

Yfirlit yfir vél	2
------------------	---

Þræðing	
á nál	8
á spólu	11
á tvíburanál	9
á yfirtvinna	7
þræðispor fyrir efnishluta	25



Yfirlit yfir innihald video kennslu- spólu sem fylgir Platinum 770

Sérhver saumtækni á kennsluspólunni sem fylgir með vélinni er með númeri í efra hægra horninu, þannig að fljótlegt er að fara aftur á sama stað. Eftirfarandi tafla sýnir þá saumtækni sem sýnd er á video-spólunni.

1. Byrjun
2. Þræðing og spólað á spóluna
3. Skjár og snertiskjár
4. Saumráðgjafi
5. Aðgerðarhnappar
6. Kastað yfir jaðra
7. Földun
8. Rennilásar
9. Styrktur beinn saumur
10. Skrautsaumar
11. Hnappagatafótur með nema
12. Hnappagöt
13. Töluáfesting
14. Stungusaumar og nálarstöður
15. Blindfaldur
16. Overlock á teygjanleg efni
17. Saumar með tvíburanál
18. Faldar í teygjanleg efni
19. Forritun á saumum og stöfum
20. Aldamótasaumar
21. Saumað í leður
22. Faldar á gallabuxum
23. Ístopp og bætur
24. Applíkering
25. Umhirða Platinum 770